

# Sandkorn 2008

Skólablað Grunnskólans í Sandgerði  
6. mars



# Ritstjórnarpistill

Jáá, blessuð. Nú er þetta frábæra ársháttíðarblað komið út. Við nemendur í fjöldum höfum lagt mikla vinnu í blaðið og unnið í því nött sem nýtan dag. Í blaðinu er að finna viðtöl við ýmsa aðila, úrslit kosninganna, ýmsar fréttir úr skólastarfinu, framtíðarspá fyrir 10. bekkings og margt fleira skemmtilegt. Við höfum fengið styrk frá nokkrum fyrirtækjum hér í bæjarféluginu til að gefa blaðið út í lit og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn.

Við vonum að þér líki blaðið vel og njótir lestursins

## Ástarkveðja

### Blaðanefnd <3



Aníta Harpa Jósepsdóttir - Ásgerður Rós Guðmundsdóttir - Ástrós Anna Vilhjálmsdóttir - Ástvaldur Ragnar Bjarnason - Birkir Freyr Sigurðsson - Hreiðar Ingi Bjarnason - Þórdís

# Fréttir úr Skýjaborg

Starfsemi Skýjaborgar fór skemmtilega af stað í janúar 2008 og margt spennandi búið að gerast. Búið er að fara á tvö böll og haldin hefur verið keppni í billiard hjá okkur í Skýjaborg sem og hjá Samsuð. Stelpu- og strákaklúbbarnir hafa verið í fullum gangi og 21. febrúar var haldið „Sleepover“.



Farið var á vinaball í Grindavík laugardaginn 26. janúar og var þar mikið fjör þar sem hljómsveitirnar George Focus og Bigalow tróðu upp. Síðan kláraði Dj Óli Geir ballið með glans. Í Vogana var haldið þann 15. febrúar á vinaball þar sem Dj JoeyD sá um fjörið.



Við erum búin að halda billiardmót Skýjaborgar og fórum miðvikudaginn 20. febrúar á billardmót Samsuðs í Fjörheimum þar sem krakkarnir okkar gerðu sér lítið fyrir og unnu bæði stráka og stúlkna riðlana og urðu þannig Suðurnesjameistarar í billiard 2008.



Miðvikudaginn 27. febrúar var haldið borðtennis móti Skýjaborgar og voru 10 keppendur mættir til leiks ásamt áhorfendum. Þetta voru æsi spennandi leikir en á endanum stóð bara eftir einn sigurvegari.

1. Sæti Birkir Freyr
2. Sæti Aron Elís og Ástvaldur Ragnar
3. Sæti Karol Damian

Það er margt að gerast og er betta bara brot af því sem við erum að gera. Við viljum benda öllum á að kíkja á heimasíðuna okkar [www.skyjaborg.is](http://www.skyjaborg.is) þar sem hægt er að nálgast myndir af hinum ýmsu atburðum og fá upplýsingar um það sem er á döfinni.

Kveðja

Starfsfólk Skýjaborgar

# Hreystileppni 2008

Já, við tókum þátt í Skólahreysti. Sem sagt Þórhildur, Aníta, Óskar og Birkir. Við mættum á svæðið um klukkan eitt eftir hádegi, æfðum okkur og mátum keppinautana. Eftir það fórum við í Smáralindina að borða. Eftir næringuna fórum við upp í Fífu að taka okkur til. Eftir mikinn undirbúning komu okkar diggu stuðningsmenn í sínum appelsínugulu bolum, með trommur og alles. Keppnin hófst og Óskar var fyrstur af okkur og byrjaði í upphífingum og náði 15. Eftir það fór Aníta í armþeygjur og náði að gera 18 stk. Næst komu dýfur og náði Óskar 13 dýfum. Svo var komið að hreystibrautinni sem Þórhildur og Birkir kepptu í og náðu saman tímanum 3:07. Já, þetta var hin ágætasta keppni þó við náðum ekki háu sæti. En við reyndum okkar besta og við reynum bara að gera betur næst. Það er engin spurning um að þetta hefði ekki verið nærrí því eins skemmtilegt án okkar dyggu stuðningsmanna í appelsínugulu og viljum við þakka öllum kærlega fyrir stuðninginn.

Þið voru fráábæær <3

Aníta, Þórhildur, Birkir og Óskar



# Tvífarar


Nemendur í valnámskeiðinu Ferðapjónusta heimsóttu Duus hús í Keflavík á dögunum og fengu leiðsögn í gegnum bátasafnið og poppminjasafnið. Einnig skoðuðu þeir gamla bíosalinn sem er sá elsti á Íslandi og málverkasýningu í listasal Duus húsa þar sem Daði Guðbrandsson listamaður sýndi verk sín. Nemendur ráku upp stór augu þegar þeir töldu sig hafa fundið tvífara Röggju kennara og gátu ekki annað en smellt af henni mynd.



Hvor er Raggan?



Elvis lifir



Flottastir



DJ. Birkir



Sönn ást



Aron og Óðinn í góðra vina hópi



Slakað á í bíó

# Danmerkurferð

Jæja, þá er komið að þessu. Síðasta árshátíðin okkar er nú að ganga í garð þegar ég skrifa þetta. Það er mikil tilhlökkun hjá okkur í 10. bekk fyrir þessari árshátíð og verður hún án efa hin glæsilegasta. Ég tók það eiginlega bara að mér að skrifa þessa grein því enginn hafði boðið sig fram til að gera það. Ég ætla að henda inn smá ferðasögu um það þegar við fórum til Danmerkur. „Værsgo min lille venner“. Er það ekki svona sem hún Ragga mundi orða það? „Lol“ hehehe.

Farið var út 29. maí og var vitað fyrirfram að þessi ferð yrði sú allra skemmtilegasta. Margir, ef ekki flestir, höfðu ekki sofið mikið nöttina fyrir ferðina og ætli stelpurnar hafi ekki vaknað nokkrum tínum fyrir flugið til að málað sig??? Komið var upp á flugvöll klukkan 6:00 um morguninn þar sem allir hittust og var Lóa, mamma hennar Viktoríu, búin að græja allt fyrir okkur, þú átt heiður skilinn ☺. Takk Lóa. Hópurinn innritaði sig, henti töskunum á færibandið og fékk farseðlana. Að því loknu var farið í gegnum tollinn. Eins og venjulega þurfa kennarar alltaf að vera að röfla eitthvað og þær voru byrjaðar klukkan hálf 7:00 að morgni að öskra á okkur að vera mætt tímanlega því flugvélín biði ekki eftir okkur. Þórunn, Ragga, Bylgja og Anna fóru með okkur en einnig Margrét og Bjössi „hot“ sem stelpurnar slefuðu yfir í allri ferðinni. Þau tvö tóku það að sér að hjálpa Ástvaldi.



Komið var upp í fríhöfn og jú, ætli sumir hafi ekki svitnað við þann frábæra sprett sem tekinn var að fríhöfninni því nægt var nammið, og keeeeeeypt var nammi, það fór ekki á milli mála. Sumir tóku íslenska harðfiskinn með sér og eins og vanalega fóru kennararnir að röfla og að þessu sinni var það hún Ragga..! ( Ragga þú ert fæddur röflari og jú, hvað segjum við 10. bekkurinn? Það er smá femenistatal í þér). Verslað, verslað, verslað var upp í fríhöfninni og síðan flugið til Danmerkur með Iceland express. Flugið var rétt rúmir 3 klukktímar og hægt var að skemmta sér í fluginu þó að flestir hafi nú bara sofið. Einn ákveðinn aðili ákvað að fá að „láni“ kodda úr flugvélinni til að geta fengið sér smá dúr í rúturnni eenis og vanalega þá þurftu kennararnir að röfla og urðu alls ekki sáttir við að koddinn hafi verið tekinn úr fluginu. Einar Pétur var rétt kominn úr tollinum þegar hann loksins fattaði að myndavélin hans var inni og á einhvern óskiljanlegan hátt komst hann inní flugstöðvarbygginguna, framhjá tollinum og náði í myndavélina og kom aftur út! Allt geta Sandgerðingar! Rútan tók við og farið var til Fåborg sem var mjög líttill og kósý bær. Ingunn, var það ekki þar sem þú braust óvart rúðuna? Mikið var hlegið að því. Sól og 20 stiga hiti ef ekki meira og jú, sumir skelltu sér í ljósabekkina og komu frekar rauðir til baka af bruna. Sigurður Pétur og Arnar voru þar á meðal og komu þeir sveittir og móðir til baka og þurfti að bera Alo Vera gel á þá næstu 2 dagana, þeir gátu varla sofið fyrir roða. Svo var það yndislega köngulóin sem tók sér bílfestu í herberginu hjá mér, Aroni og Arnari og heyrðust smá „gelgju“ öskur þaðan (en við fullyrðum að það kom ekki frá okkur þremur!!! ). Sumir tóku sér göngutúr út í sjóppu og urðu skíðhræddir við róna sem tók smá spjall þarna. Fåborg var mjög fin og var heimsóknin þangað mjög vel heppnuð. Svo kom þessi sæta, fjólubláa -bleika rúta og náði í okkur og þurfti bílstjórinn að vinna fyrir laununum sínum en hent var í hann nokkrum myndavélum og hann láttinn taka myndir af hópnum. Farið var upp í rútu og keyrt til Odense.

Á gistiheimilinu þar tóku við stóóru tafíkarlarnir og var mikið teft, þar var einnig þessi frábæri rúbbívöllur bakvið. Birkir tók svaka dýfu þar og ekki nóg með það heldur lenti hann á tré sem var örugglega 100 metrar hátt og ég veit ekki hvað það var breitt. Birkir, hvernig gastu þetta??? Í Odense skoðuðum við H.C. Andersen safnið og fórum í dýragarðinn. Svo duttum við strákarnir aldeilis í lukkupottinn því það var stórt festival þarna í miðbænum og allar skvísurnar úr bænum mættar, sumar í playboy göllum og sumar bara í bikíní. Óðinn, voru þær ekki mættar fyrir þig? Jú ég er ekki frá því, held að það hafi þurft að setja rennilás á munninn hjá Óðni þarna. Og Ragga var að missa sig í spádómnum og stelpurnar að farast úr spenningi því Ragga spáði nú alltaf því sama hjá þeim, ástarmál, ástarmál ooog ástarmál..! Svo var það hin fræga „skotárás“ hjá ákveðnum aðilum en sumir ákváðu að fara í skotkeppni inn á klósetti með því að hver léti mest í sér heyra þegar farið var á setuna, já sæll!! Jaaá strákar þið voruð ágætir þarna.

Áfram hélt ferðalagið og ferðinni heitið til „Kóngsenskaupenhávn“ eða bara Köben á góðri Íslensku. Gistum á flottu „vandræðaheimili“ því við vorum nú alltaf til vandræða ☺. Köben sko,

þarna vorum við komin til að vera!!! Peningum spreðað í mollinu og bara alles.. Sigurður Pétur fékk flotta afmælisgjöf, „brand new baby from H&M“ eenin það var einn indælis bleikur g-strengur. Sigurður, hann passaði alveg örugglega, er það ekki? Við mátuðum hann nefnilega og vonuðum að hann myndi passa. Svo var það hið yndislega Tívolí. Sett var met í fallturninum og var það Oddur en hann fór hvað, 41 sinni!! Jaaá ég held að flest hin hafi haft eithvað betra að gera. Svo náðum við Önnu í fallturninn og Bylgju, hið mikla afrek náðist! Og Bylgju var svo „illt“ í maganum eftir rússibanann, puuff!! En flott hjá þeim tveim, annað en

með hina kjúklingana two, Röggú og Þórunni. Þær hafa farið í allar ferðirnar og aldrei í nálina!? 9. bekkur sem fer næst út, við treystum á ykkur að ná þeim í þessa blessuðu nál því þetta eru nú ekki nema fáeinir metrar, 63 eða svo! Eftir Tívolí-ið var beðið og beðið ooooog beðið, hei voru rónarnir ekki þar? Haha! Oddi og Ragga tókst að blekkja nokkra þar með „rónunum“. Svo var loksns komið á „vandræðaheimilið“ frekar seint og held ég að allir hafi bara sofnað strax. Svo var vaknað og fengið sér morgunmat og pakkað niður og búið um eins og alla hina morgnana en af því þetta var nú síðasti dagurinn þá ætluðu sumir að sleppa við að búa um en þeir sluppu nú ekki með það því æðsti-strumpur var mættur á svæðið til að „tjékka“ allt og skipaði hún þeim sem ekki bjuggu um að fara inn og klára sitt verk☺. Leiðin lá út á flugvöll og eftir innritunina var smá frítími til að versla og allt sem því fylgir. Svo var bara komið sér upp í vél og flogið heim. Heima biðu foreldrar okkar og var okkur tekið fagnandi. Þá tóku við skólaslitin, kveðja 10. bekkinn og við að klára 9. bekkinn. Óðum styttilst í að við kveðjum nú skólann.



Jæja þá hef ég lokið mínu og vil ég þakka ykkur krökkunum og kennurum fyrir frábæra ferð og fyrir hönd 10. bekkjar vil ég þakka þeim sem hjálpuðu okkur við að skipuleggja þessa ferð þ.e.a.s. foreldrum okkar, kennurum og sérstaklega Ingu ritara, hún stóð í ströngu alla daga við að hjálpa okkur.

# Kosningar 2007

Herra Sandgerðísskóli: Aron Elís



Ungfrú Sandgerðísskóli: Herdís Ósk



Vinsælasta Manneskjan: Gunnar Borgbór

Hár Ársins: Viktoría

Augu Ársins: Ásta Mjöll

Egó Ársins: Ingunn Sif og Gunnar Borgbór

Kroppur Ársins: Aron Elís

Kynþokkafyllsta Gellan: Linda Sjöfn

Kynþokkafyllsti Gæinn: Bjarki Þór og Arnar Geir

Íþróttafrík Ársins: Aron Elís

Kennarasleikja Ársins: Alexandra Jóhanna

Hrakfallabálkur Ársins: Georg

Gáfnaljós Ársins: Alexandra Jóhanna

Ljóska Ársins: Herdís Ósk

Fatafrík Ársins: Ásta Mjöll

Frekja Ársins: Ingunn Sif

Kennari Ársins: Kjartan



# Hvað veist þú um vin þinn?

Ingibjörg svarar um Hrafnhildi...

Fullt Nafn: Hrafnhildur Þórunn Ásgrímsdóttir  
 Bekkur: 9. LBG  
 Stjörnumerki: Tvíburi  
 Afmælisdagur: 27. maí  
 Uppáhalds Matur: Franskár  
 Uppáhalds Litur: Blár  
 Draumaprins: Gaurinn í Step Up  
 Mest Böggandi: Taka til



Hrafnhildur svarar um Ingibjörgu...

Fullt Nafn: Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir  
 Bekkur: 9. ÞG  
 Stjörnumerki: Tvíburi  
 Afmælisdagur: 24. maí  
 Uppáhalds Matur: Franskár  
 Uppáhalds Litur: Lime Grænn  
 Draumaprins: Veit ekki:P  
 Mest Böggandi: Þegar fólk baktalar



Hér má sjá rétt svör. Hrafnhildur var með 7 af 8 rétt og Ingibjörg var með 5 af 8 rétt.

Fullt Nafn: Hrafnhildur Þórunn Ásgrímsdóttir  
 Bekkur: 9. LBG  
 Stjörnumerki: Tvíburi  
 Afmælisdagur: 27. maí  
 Uppáhalds Matur: Pizza  
 Uppáhalds Litur: Rauður  
 Draumaprins: Gaurinn i Step Up  
 Mest Böggandi: Þegar Fólk Potar í mig.

Fullt Nafn: Ingibjörg Ósk Jóhannsdóttir  
 Bekkur: 9. ÞG  
 Stjörnumerki: Tvíburi  
 Afmælisdagur: 24. maí  
 Uppáhalds Matur: Franskár  
 Uppáhalds Litur: Lime Grænn  
 Draumaprins: Veit ekki  
 Mest Böggandi: Bróðir minn

# Ég man þegar...

- ◆ Ég kenndi ykkur fyrst. Þá voru þið í 7. bekk, lítil og skemmtileg, nú eruð þið bara skemmtileg.
- ◆ Ég fékk fyrsta umsjónarbekkinn minn, það voruð þið.
- ◆ Drengirnir sýndu samstöðu með því að gleyma allir sundfötum sama daginn, þar sem þá langaði að vera forfallaðir eins og stelpurnar.
- ◆ Stúlkurnar fóru að lita á sér hárið og hárliturinn breyttist frá viku til viku.
- ◆ Kóngulóin heimsótti drengina í Danmörku og þeir voru svo miklar „hetjur“ að þeir hrópuðu BYLGJA! BYLGJA ! Gerðu eitthvað.
- ◆ Allar stúlkurnar urðu skotnar í Bjössa.
- ◆ Við þurftum að bíða og bíða og bíða eftir lestinni þegar við vorum að koma úr Tívolínu og þið lékuð á alls oddi.
- ◆ Við studdum hvert annað í sorginni.
- ◆ Hljómsveitin USS sló í gegn.
- ◆ Við fórum í skóla- og starfskynninguna, hvað þið voruð okkur til sóma.
- ◆ Þið færðuð bílinn fyrir utan MK.
- ◆ Við þögðum saman í 30 mínútur í beinni útsendingu á fréttunum.



Þið eruð alveg frábær og ég á eftir að sakna ykkar mikið. Hafið í huga að maður getur gert allt sem maður ætlar sér og munið einkunnarorðin  
**GÆS** eða ég get, ég ætla, ég skal.

Kveðja Bylgja



**Adam Szabo:**  
Dazz...



**Agnes Helgadóttir:**  
Elín er ekki í lagi!



**Alexandra Jóhanna Bjarnadóttir:**  
Klippum þetta bara



**Arnar Geir Gestsson:**  
Hvað er að fréttu af sykursnúðnum?!



**Aron Elís Árnason:**  
Skonsi! Ertu vankaður?!



**Árni Steinar Andrésson:**  
Hefurðu séð nýja makkann?!



**Ásta Mjöll Þorsteinsdóttir:**  
Á ég að segja ykkur það?!



**Ástvaldur Ragnar Bjarnason:**  
Við vinnum þetta!



**Birkir Freyr Sigurðsson:**  
He he he



**Bjarki Pór Wium:**  
Tjakkaðu b...



**Einar Maríus Möller:**  
Búmm diss diss



**Einar Pétur Karlsson:**  
Gosh



**Elín Helgadóttir:**  
Ertu að grínast?!



**Friðrik Gunnar Friðriksson:**  
Gaur!



**Gauti Þormar:**  
Ég er að fara út um helgina!



**Gunnar B. Sigfússon:**  
Passaðu dúið mar!



**Halldór Kristinsson:**  
Jú, ég gerði heima



**Herdís Ósk Ásgeirsdóttir:**  
Ha, ég?!



**Hreiðar Ingi Bjarnason:**  
Vááá maður!



**Ingunn Sif Axelsdóttir:**  
Apinn þinn



**Ívar Bergþór Guðfinnsson:**  
Hvað fékkst þú á prófinu?



**Jóhann Alex Pálmasón:**  
Hvar eru spilin?



**Kristinn Emil Helgason:**  
Z Z Z




**Linda Sjöfn Jónsdóttir:**  
Pinesið þitt?!



**Monika Mazurek:**  
Já?!



Óðinn Már Óskarsson:  
Róaðu þig!



Ólafur Daði Helgason:  
Now you' r gone!



Sara Anna Daníelsdóttir:  
Hérna æi



Sigurður Pétur Guðmundsson:  
WTF!



Sindri Jóhannsson:  
Hafið þið lesið Bibliúna?



Sædís Karen Stefánsdóttir:  
How you doin'!?



Teresa Alma Sigfúsdóttir:  
WTF?!



Thelma Dís Eggertsdóttir:  
Þú ert með eitthvað á nefinu!



Trausti Ólafur Matthíasson:  
Mr. T



Viktoría Marie:  
Hvað myndir þú gera ef...



Önundur Georg:  
Nei maður!



**Pú ert lag.**  
**Gróft rokk en með mildum**  
**blæ.**  
**Þegar ég fyrst sá þig,**  
**þá lærði ég laglínuna.**  
**Ég kunni undirstöðuatriðin,**  
**síðan kynntist ég þér.**  
**Þá lærði ég textann,**  
**nú kann ég á þig.**  
**Veit hvað þú vilt,**  
**hvað þig dreymir,**  
**hver tilgangur þinn er.**  
**Ég veit að það er ég.**

**Ljóð: þú**

Sædís Karen Stefánsdóttir Walker  
10. BBA

**Samkaup strax**

# Eftir 10. bekk

Komið þið sæl, dömur og herrar

Við brugðumst við eins og sönum víkingum sæmir þegar Gulla kom til okkar með hvolpaaugu og bað okkur að skrifa eitt stykki pistil um hvað hefði breyst frá því að við vorum í Grunnskólanum í Sandgerði. Ýmislegt hefur breyst frá því að við vorum þar. Það er ótrúlegt hvað við erum skörp en við komumst að því að grunnskóli og framhaldsskóli eru ekki það sama! Þá erum við að tala um að þú kallar ekki allt ömmu þína í FS. Stærsta breytingin er að við teljum að við erum alltaf blönk vegna mikils matarkostnaðar.

Þegar í mótuneytið er komið þá er röðin komin út í Innri-Njarðvík og þegar maður loks kemst á kassann er búið að hringja inn og allir fara svangir í tíma. En í einstaka tilvikum þegar maður nýtur þeirrar einstöku gæfu að kennarinn hleypir þér 5 mínútum fyrr út þá kemstu að kassanum í tæka tíð. Þegar sárvangur nemandinn kemur og kaupir sér að borða, þarf hann að punga út svo miklum peningum að debetkortið tæmist og það líður yfir hann. Jááá það er sko ekki hægt að fara heim í hádeginu á hótel mömmu!

Að klára grunnskólann er stórt skref, hvort sem maður fer í framhaldsnám eða fer í skóla lífsins. Þessi tími líður ofboðslega hratt og maður veit ekki fyrr en margir af þínnum vinum eru komnir með bílpróf, þetta sem okkur er búið að dreyma um í mörg ár. Í framhaldsskóla ertu á þínnum vegum og það er enginn sem skipar þér að læra heima, því kennararnir vilja ekkert með þig hafa ef þú sýnir náminu ekki af áhuga og jafnvel fella þig. Ekki er hægt að sleppa því að læra án þess að heltast úr lestinni og falla! Mjög mikilvægt er að byrja vel í náminu og fara ekki út af sporinu, því fyrsta árið er talið það erfiðasta vegna mikils lærdóms og breytingar frá því í grunnskóla þar sem þú þurftir ekki að einbeita þér eins mikið að heimanáminu.

Félagslífið í FS er talið vera lítið miðað við aðra framhaldskóla en þó eru haldin böll, haldin söngvakeppni, keppt í Gettu betur og þar er einnig leikfélagið Vox Arena. Þann 29. febrúar 2008 verður söngleikurinn Sjénsinn frumfluttur í Andrews Theatre uppá gamla varnaliðssvæði en í þeim söngleik koma fram 30 nemendur í FS.

Andri fór á náttúrufræðibraut en Hjördís valdi að fara á hárskyrtibraut. Andri er ákveðinn í að klára stúdentinn á náttúrufræðibraut en Hjördís er ekki ákveðin hvort hún ætli að halda áfram á hárskyrtibraut.

Jæja þá erum við búin að skemma nokkrar mínutur af lífi ykkar og við látum þetta bara vera gott í bili. Við viljum óska útskriftarnemendum og öðrum góðrar skemmtunar á árshátiðinni og hlökkum til að sjá ykkur í FS. ;-)

Kveðja

Andri Pór og Hjördís Ósk



# Framtíðarspá

**Adam Szabo:** Hann mun klára 10. bekk og verða pimp. Hann fær mikinn pening fyrir það og opnar sinn eigin pylubar á móti Grunnskólanum í Sandgerði. Þar munu fyrrverandi bekkjarfélagar Adams verða fastagestir ásamt nemendum skólans. Hann mun giftast konu með stærstu brjóst í heimi (ekki Pamela Anderson) og mun lifa hamingjusamur til æviloka.

**Agnes Helgadóttir:** Hún mun verða atvinnumaður í fótbalta. Hún verður heimsfræg og mjög rík. Hún mun giftast syni Beckhams, Brooklyn, sem verður miklu frægari en pabbi sinn. Þau munu eiga heima í Bretlandi en kaupa einnig 200 milljóna króna hús í Sandgerði.

**Alexandra Jóhanna Bjarnadóttir:** Hún mun taka þátt í sjónvarpsþættinum America's Next Top Model, rúllar því upp og verður heimsfræg. Alexandra mun ekki ráða við frægðina og lætur sig hverfa aftur til Íslands og fer að vinna í sjóppunni í Sandgerði.

**Arnar Geir Gestsson:** Hann verður heimsfrægur þegar hann tekur við sem trommuleikari hljómsveitarinnar Metallica og allar stelpur verða brjálaðar í hann. Hann stofnar ásamt hljómsveitinni „Metallica Rocksta,,r. Í keppnina kemur gamall bekkjarfélagi hans, Bjarki, og vinnur keppnina.

**Aron Elís Árnason:** Hann á eftir að ná langt sem markmaður í fótbalta. Hann mun eiga ævintýralegen feril. Hann mun flakka á milli félaga, hægri og vinstri. Byrjar í Reyni, fer svo í FH og endar í Hollandi hjá Ajax. Ástvaldur sér að hann er að meika það og kaupir frænda sinn í liðið (Liverpool).

**Árni steinar Andrésson:** Hann á eftir að finna upp nýtt tölvuforrit sem mun heita Windows Ásnegger. Hann mun vinna Nóbelsverðlaun fyrir það og mun giftast Söndru Bullock. Hann verður ríkasti maður í heimi. Að lokum skilur Sandra við hann og fær alla peningana.

**Ásta Mjöll Þorsteinsdóttir:** Hún fer til Tælands og tekur þátt í Ungfrú heimur fyrir hönd Íslands og vinnur. Hún hannar sína eigin fatalínu sem mun heita Ásta Secret Design. Hún verður moldrík og ræður vinkonur sínar, Lindu og Ingunni, til að sitja fyrir með sér í fatabæklingunum.

**Ástvaldur Ragnar Bjarnason:** Hann verður framkvæmdarstjóri og þjálfari Liverpool eftir að hafa gert Ísland að Evrópumeisturmum. Hann verður þekktur fyrir að ráða inn frændur sína og vini í liðið sem verður því að falli.

**Birkir Freyr Sigurðsson:** Hann mun meika það með Njarðvík í fótboltanum en mun svo fá tilboð frá Chelsea en hafnar því tilboði því hann hatar Chelsea. Loksins fær hann tilboð frá Liverpool (Ástvaldi) og líkar vel. Hann tekur einnig að sér að leika og leikur meðal annars aðalhlutverkið í endurútgáfu myndarinnar Bend it like Beckham, Bend it like Birkir.

# Framtíðarspá

**Bjarki Þór Wium:** Hann á eftir að verða hnakki það sem eftir er og mun verða söngvari í frægri hljómsveit. Hann verður frægur eftir þátttökuna í Metallica Rockstar þar sem hann sigrar með yfirburðum. Vörumerkið hans verður neon litaðar hettupeysur og rauðir íþróttasokkar.

**Einar Marius Möller:** Hann verður einn frægasti Dj landsins: Dj. EMM. Hann mun einnig starfa sem töframaður og verður hrikalegt kvennagull. Hann mun giftast konunni sem hann sagar alltaf í sundur í töfraatriðum. Á endanum gengur hann of langt og galdrar sjálfan sig í burtu og á ekki eftir að sjást aftur.

**Einar Pétur Karlsson:** Hann klárar 10. bekkinn en fer ekki í framhaldsskóla. Hann einbeittir sér að því að spila póker og fær vinnu í spilavíti í Bretlandi þar sem hann lærir póker af þeim bestu. Hann mun verða sá besti í póker og engin getur unnið hann. Hann opnar sitt eigið spilavíti í Reykjavík EPK Casino sem verður heitasti staðurinn fyrir fræga fólkið.

**Elín Helgadóttir:** Hún mun verða mjög vinsæll sálfræðingur og flestir leita til hennar. Hún mun byrja með sinn eigin íslenska sjónvarpsþátt Dr. Elín sem verður mjög vinsæll. Hann verður einnig sýndur á Norðurlöndunum. Hún kynnist Zac Efron og giftist honum á endanum og eignast með honum tvö börn.

**Friðrik Gunnar Friðriksson:** Hann fer í FS og einbeittir sér að tölvunámi. Hann tekur óvart þátt í samkeppni á netinu á vegum Microsoft og vinnur ferð til BNA þar sem Bill Gates tekur á móti honum. Bill og Frikki verða góðir vinir og fær hann vinnu við að hanna sérstakt tölvukerfi fyrir heimili Bills. Frikki giftist dóttur Bills, sendir karlinn á elliheimili og tekur við stjórn Microsoft.

**Gauti Þormar:** Hann byrjar á því að spila með Keflavík þar til hann verður 23 ára. Þá fara öll stóru liðin að taka eftir honum. Hann ákveður þá að hann nennir ekki að spila fótbolta og fer að vinna í fyrirtæki pabba síns U.B.R Ehf. (Unglingabólur Ehf.) Hann gerir það að ævistarfi sínu að hjálpa ungu fólk í stríðinu gegn unglingsbólunum.

**Gunnar B. Sigfússon:** Hann verður meðeigandi og yfirmaður fyrirtækisins Fúsi ehf. sem er í eigu fjölskyldu hans. Hann víkkar út starfsemi fyrirtækisins og hefur innflutning á tískuhlutum gerðum úr krókódílaskinni. Hann hefur einnig innflutning á nýrri tegund varanlegs brúnukukrems sem mun kollvarpa öllu í tískubransanum og setja allar ljósastofur á

**Halldór Kristinsson:** Hann mun aldrei byrja að drekka eða reykja og fer í lið með Þorgrími Þráins gegn reykingum. Hann flytur austur til mömmu sinnar þar sem hann kynnist yndislegri reyklausri stúlku. Þar mun hann búa í blíðu og stríðu í ágætis ríkidæmi.

**Herdís Ósk Ásgeirs dóttir:** Eftir að hún varð valin Ungfrú Sandgerðisskóli tekur hún þátt í Ungfrú Ísland. Hún kemst í úrslit og nær þriðja sæti. Þaðan fer hún til BNA og tekur þátt í Americas Next Top Model og slær gjörsamlega í gegn. Eftir sigur í þáttnum fær hún margra milljón króna samning við tískutímaritið Elle og verður heimsfræg.

# Framtíðarspá

**Hreiðar Ingí Bjarnason:** Mun slá rækilega í gegn sem Icy-spicy í: So you think you can dance, og verður atvinnudanskennari. Hann á eftir að þróa sitt eigið Kanaríkrump og mun kenna gamla fólkini á Kanarí að dansa. Hann mun opna bar og gefa þeim sem eru á dansnámskeiðinu 50% afslátt af öllu á barnum.

**Ingunn Sif Axelsdóttir:** Hún tekur snemma að sér að skipuleggja party fyrir fólk og græðir vel á því. Fyrir peningana opnar hún sína eigin gleraugnaverslun „Ingunns Søle Briller“. Í gegnum partýbransann kynnist hún strák sem er algert partýljón.

**Ívar Bergbór Guðfinnsson:** Eftir skóla fer Ívar að læra fjöldun í Fjölbautaskólanum við Ármúla. Eftir skólann fer hann að vinna hjá DV. Eftir langa setu hjá DV kaupir hann fyrirtækið og vinnur þar þangað til hann fær ellilífeyrisbætur. Hann verður duglegur að skrifa slúður um gömlu bekkjarfélagana sína í DV enda eru flestir af þeim heimsfrægir.

**Jóhann Alex Pálmasón:** Eftir stúdunt mun Alex læra bókasafnsfræði. Hann mun búa til fullt af vinsælum bókum. Hann mun vinna hjá Bókasafni Sandgerðisbæjar og mun gefa bókasafninu eintak af öllum bókunum sínum. Þegar hann verður eldri mun hann svo skrifa ævisöguna sína sem selst upp (prentuð í 25 eintökum).

**Kristinn Emil Helgason:** Hann mun fara í framhaldsskóla að læra tölvunarfræði. Eftir framhaldsskóla fer hann í skóla í Bandaríkjunum til að fullmennta sig sem tölvunarfræðingur. Hann mun hefja stöf hjá Blizzard Entertainment, Inc. og þar mun hann hjálpa við að búa til WOW 3 og 4.

**Linda Sjöfn Jónsdóttir:** Henni verður boðið að verða model fyrir frægt tískutímarit en hafnar því. Sönglistin heillar hana og hún fer á vit ævintýranna til Hollywood og meikar það sem poppstjarna. Þó mun hún fá brátt heimþrá, flytur aftur heim í Sandgerði og byrjar að vinna við að syngja aðra hverja helgi á Trix.

**Monika Mazurek:** Hún opnar pólska matvöruverslun í Sandgerði. Seinna opnar hún einnig fataverslun sem sérhæfir sig í pólskri hönnun. Hún stofnar sína eigin undirfatalínu sem mun kallast Mazurek Underwear Design.

**Óðinn Már Óskarsson:** Hann klárar grunnskólann, tekur eina önn í framhaldsskóla en ákveður svo að leggja námið til hliðar og fer að vinna á pylsuvagninum hans Adams. Seinna stofnar hann sitt eigið fyrirtæki þar sem framleiddir eru bangsar og mun vörumerkið heita Óðinn Bangsi.

**Ólafur Daði Helgason:** Fer í framhaldsskóla og svo áfram í háskóla. Hann einbeittir sér að námi tengt tölvum. Hann giftist stelpu sem hefur verið Séð og heyrt stúlkan túi sinnum, kaupir sér stórt hús og BMW. Ólafur Daði kaupir Séð og heyrt blaðið, sérstaklega til að koma í veg fyrir að dætur hans komi fram sem Séð og heyrt stúlkur en græðir helling á blaðinu.

# Framtíðarspá

**Sara Anna Danielsdóttir:** Hún fer í dýralæknanám í Danmörku eftir stúdentinn en kemur svo heim og opnar sína eigin dýralæknastofu og búð í Keflavík. Hún mun annast dýrin eins og sín eigin börn og setur það sem reglu að bannað verður að tala inni í búðinni vegna þess að það truflar dýrin sem eru sofandi. Hún sækir námskeið í BNA þar sem fólk er kennt að tala dýramál og verður heimsfræg fyrir að geta talað við dýr.

**Sigurður Pétur Guðmundsson:** Verður frægur ásamt félögum sínum í hljómsveitinni USS. Hann byrjar með sinn eiginn sjónvarpsþátt, bandið hans Sigga P, sem mun njóta mikilla vinsælda. Hann verður mjög ríkur og á eftir að fá nafn sitt ásamt hljómsveitinni USS grafið í gangstéttina á Hafnargötunni við hliðina á Hljónum.

**Sindri Jóhannesson:** Hann á eftir að verða rithöfundur og skrifa bókaflokk sem kallast Dagbók Sindra. Þar segir hann frá ýmsum skemmtilegum uppátaekjum sínum sem unglingsur í Grunnskólanum í Sandgerði. Hann er svo vistvænn að hann vill ekki eyða blöðum til að prenta bækurnar svo hann hefur þær á tölvutæku formi og verður fyrstur í heiminum til að gera slíkt.

**Sædís Karen Stefánsdóttir:** Sædís verður heimsfræg söngkona. Hún fær samning í Bretlandi og syngur og semur tónlist. Hún kemst í 3. sætið á breska vinsældarlistanum með lagið „I've got an itch“. Seinna snýr hún sér að leiklistinni og meikar það líka á því sviði. Hún kynnist á ferðalögum sínum um heiminn Pete Wents og giftist honum.

**Theresa Alma Sigfúsdóttir:** Hún verður frægur stjörnufræðingur og heimspekingur. Hún finnur upp tímaþél og ferðast aftur í tímann til langalangalanga ömmu sinnar og kemst að því að þær eiga margt sameiginlegt. Þær finna upp á lyfjum sem halda manni unglegum og hraustum. Amma hennar kemur með henni í nútímann og þær verða moldríkar.

**Thelma Dís Eggertsdóttir:** Hún fer að læra hárgreiðslu og opnar sína eigin stofu í Reykjavík. Hún býður öllum vinkonum sínum að koma og vinna hjá sér. Þetta verður ein vinsælasta stofan í Reykjavík, sérstaklega hjá kvenþjóðinni, en það mun þykja sérstaklega þægilegt að koma til hennar Thelmu, þiggja kaffisopa og blaðra um heima og geima auk þess sem hún er snillingur með skærin.

**Trausti Ólafur Matthíasson:** Hann lærir hárgreiðslu í lönskólanum í Hafnarfirði og opnar sína eigin stofu í Sandgerði sem mun heita Blow. Hann verður fyrstur á Íslandi til að byrja með brasílskt vax fyrir karla og verður frægur fyrir vel snyrt punghár. Seinna verður hann þekktur undir nafninu Mr. T og verður frægur rappari.

**Viktoría Marie Ólafiudóttir:** Hún klárar stúdentinn og fer í viðskiptalögfræði í HR. Eftir 6 ára nám í viðskiptum, hagfræði og lögfræði kaupir hún Hagkaup verslanirnar og gerir þær að alþjóðlegri verslunarkeðju. Hún situr sjálf fyrir í bæklingunum ásamt Valery vinkonu sinni. Þær flytja til BNA og giftast frægum Hollywood leikurum.

**Önundur Georg Guðmundsson:** Já Hann Goggi mun stofna sitt eigið fjárfestingafélag sem mun heita Goggis Group. Hann mun fjárfesta í fullt af litlum fyrirtækjum. Seinna meir mun hann fara í stóru fyrirtækin eins og Baugur Group og fl.

# Bestu vinir

## Teddi og Guðjón

Hvað gerir ykkur að vinum.?  
Svar: Sömu áhugamálin.

Hvað gerið þið daglega.?  
Svar: Spilum fm og fótbolta.

Hvað eru þið búrir að vera vinir lengi.?  
Svar: 4bekk ( þegar Teddi flutti í Sandgerði).

Hvaða sömu áhugamál hafið þið.?  
Svar: Fótbolta og stelpur,:).

Hvað gerið þið í frítímanum(helgar).?  
Svar: Hitta stelpur og lana í fm.

Lokarorð:  
Svar: Neei ekki neitt.



## Agnes og Ingunn

Hvað gerir ykkur að vinkonum.?  
Svar: Fegurðin!

Hvað gerið þið daglega.?  
Svar: Slúðrum ýkt mikið.

Hvaða sömu áhugamál hafið þið.?  
Svar: Bara allt það sama.

Hvað gerið þið í frítímanum (helgar).?  
Svar: Bío, Rvk, tjilla og fleira.

Lokaorð:  
Svar: Við erum farnar. Bææ <3

# Bestu vinkonur



# Dr. Ásdís

Kæra Ásdís

Ég er 17 ára strákur og mín játning er þessi: Ég er yfir mig hrifinn af stelpu í skólanum sem er einu ári yngri en ég. Ég hef lítið talað við hana en mig langar svakalega að kynnast henni. Eitt af því sem hrífur mig við hana er hvað hún virðist vera „í minni deild“, ef þú skilur hvað ég á við. Vandamálið er hins vegar að ég hef ætlað mér að tala við hana af viti um eitthvað utan skólans: þrisvar. En alltaf þegar ég ætla að opna muninn þá einfaldlega frýs ég. Í dag fékk ég æðislegt tækifæri til að spjalla við hana en ég skalf bara og kom ekki upp orði. Það endaði með því að ég fór bara (án þess að hún tæki eftir neinu). Ég veit ekki hvað þetta er. Þetta er örugglega einhvers konar hræðsla við höfnun eða eitthvað álíka og ég veit að það er algjör vitleysa að hugsa þannig. Ég hef einu sinni áður gert „move“ á stelpu og var þá hafnað allharkalega. Hugsanlega er þetta einhvers konar eftirmálatilfinning af þeirri reynslu?

Kveðja einn feiminn

Svar: Sæll hr. Feiminn. Hvað er þetta maður, láttu bara vaða á þetta.. þetta er ekkert mál! Ekki vera svona mikil kjélling.. Talaðu bara við þessa stelpu, það er ekki eins og hún eigi eftir að drepa þig... Hvernig væri að troða í sig smá karlmennsku? Stelpur fíla öryggi og sjálfstraust... ekki væl og aumingjaskap... engin furða að stelpur hafni ykkur þegar þið frjósið og vitið ekki hvað þið eigið að segja... Hættu að hugsa um hvað stelpan er flott, falleg og allt það og hugsaðu um hvað þú ert miklu flottari og hvað hún væri heppin að fá að vera með þér... Ekki vera alltaf að baða þig í einhverju voli...



Doktor Ásdís kveður að sinni :-)



## Mars


Ólöf María Karlsdóttir - 10. mars  
 Óðinn Már Óskarsson - 4. mars  
 Ingunn Sif Axelsdóttir - 9. mars  
 Svanbjörg Kristín Júlíusdóttir - 10. mars  
 Ágústa Ragnheiður Pálsdóttir - 23. mars  
 Monika Mazurek - 31. mars


## Apríl

Sandra Rún jónsdóttir - 26. apríl  
 Bjarki þór Wium - 18. apríl

# Grettukeppni kennara og nemenda

SANDK





og sigurvegarinn er...



# Pétur Jóhann Sigfússon

Hver er hjúskaparstaða þín? Hún er nokkuð góð bara.



Hvað ertu ungur? Ég er fæddur 21. apríl 1972 sem gerir mig 35 ára að verða 36 ára.

Hvaðan ertu? Ég er fæddur í Skagafirði en upp alinn í Garðabæ.

Í hvaða skóla varstu? Ég var í Flataskóla og Garðaskóla. Var svo fjórar annir í Fjölbautarskóla Garðabæjar.

Fórstu í leiklistarskóla? Ég sótti um inngöngu í Leiklistarskóla Íslands en komst ekki inn.

Áttu börn? Eina átta ára stelpu.

Hvar ertu búsettur? Ég á heima í Hafnarfirði.

Hvenær komstu fyrst fram í sjónvarpi? Ég byrjaði að vinna í sjónvarpi þegar ég fór að vinna í 70 mínútum sem var árið 2004. Ég man ekki hvenær ég kom fyrst fram í sjónvarpi.

Hvernig leggst Dagvaktin í þig, heldur þú að hún muni ná jafnmiklum vinsældum og Næturvaktin? Já, hún leggst mjög vel í mig og vona innilega að hún leggist jafnvel í fólk og Næturvakin gerði.

Hvernig er að vinna með Jóni Gnarr? Það er virkilega gaman og gott að vinna með Jóni Gnarr. Hann er gríðarlega hugmyndaríkur og svakalega klár gaur.

En Jörundi? Jörundur er líka svakalega klár og hugmyndaríkur gaur og það er líka virkilega gott og gaman að vinna með honum.

Eru einhverjur aðrir þættir framundan hjá þér? Nei, nú er það bara Dagvaktin og svo veit maður ekki hvað gerist eftir það.

Skemmtir þú þér í vinnunni? JÁ!!!

Hefur þú húmor fyrir sjálfum þér? JÁ!!!

Hvað er það heimskulegasta sem þú hefur gert? Það er þegar ég fór í krummafót um daginn... mér leið mjög heimskulega.

Hvernig var að vinna með Audda, Sveppa, Huga, Gumma og Atla í strákunum? Það var bara aldeilis ágætt.

Sjáum við eitthvað meira af strákunum? Nei.



Hvernig gengur svo með Sólina? Já Sólinn... fer að detta inn.

Hefur þú einhvern tíma komið til Sandgerðis.? Að sjálfsögðu!!!!


Er eitthvað sem þú vilt segja að lokum, kannski einhver góð ráð fyrir okkur nemendur í 8.-10. bekk? Já, bara passið ykkur á því að fara ekki í krummafót. Verið vel vakandi þegar þið klæðið ykkur í skó vegna þess að annars gæti farið svo að þið farið í krummafót.



# Myndir héðan og þaðan



# Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins



Shellskálinn Sandgerði  
Pulsur, ís gos, sælgæti og  
allar nýjustu myndirnar.  
S: 423-7650

Mamma Mía  
Tjarnargötu 6  
S: 423-7377



Veitingahúsið Vitinn  
Sælureitur sækjeras



# Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins

## FÓSI ehf.

**SANDBLÄSTUR - S: 8 220 230**

**Strandgata 20**

**Sandgerði**



**Samkaup**

**strax**



**SPARISJÓÐURINN**  
**Sandgerði**